


Lokanir í miðbæ Hafnarfjarðar á þjóðhátíðardaginn 17. júní 2015



Hátíðarsvæðið í miðbænum er lokað meðan á hátíðarhöldum stendur sem hér segir:

Skrúðganga ———

Lokanir 11-22 ———

Lokanir 11-17 ———

Lokanir 13:30-14:00 ———

17. júní hátíðarhöld í miðbæ Hafnarfjarðar 2015 - Drög að dagskrá:

13:00 Hátíðardagskrá á Hamrinum

13:30 Skrúðganga frá Hamrinum að Thorsplani

Hátíðarhöld í miðbænum kl. 14:00-16:00

Kvölddagskrá á Thorsplani kl. 20:00-22:00



Lokanir í miðbæ

Lokanir eru minni en undanfarin ár en markmið okkar er að tryggja öryggi þeirra sem eru gangandi en jafnframt að þeir sem kjósa að koma akandi geti lagt bílum sínum. Jafnframt teljum við með þessu að íbúar á lokuðu svæðunum eigi alltaf kost á að leggja nálægt heimilum sínum. Við munum senda dreifibréf til viðkomandi íbúa með nánari kynningu auk þess fjallað verður um lokanir í dagsskrárriti okkar. Þá verður frítt í strætó til þess að minnka bílaumferð.

Miðbænum er lokað um kl. 11 vegna undirbúnings en við lok hátíðarhalda um miðjan dag verða þessar lokanir dregnar saman og færðar nær miðbænum upp úr kl. 16:30. Strandgata frá Lækjargötu verður áfram lokað fram á kvöld en dagskrá verður á Thorsplani um kvöldið. Hluti af Linnetstíg framan við Burkna að Austurgötu verður lokaður áfram um kvöldið.

Lokanir eru allar mannaðar starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar, utan lokunar við Mjósund/Austurgötu, því er auðvelt að opna og hleypa í gegn lögreglu, sjúkrabílum eða slökkvibílum.

Við munum hafa starfsmann á gangbraut yfir Reykjavíkurveg milli Bókasafns og Gamla vínhússins og gangbraut á mótum Strandgötu og Lækjargötu eða milli Hafnarfjarðarkirkju og bakarís sem munu aðstoða gangandi vegfarendur þar yfir.

Skrúðganga af Hamrinum

Skrúðgangan fer stundvíslega af stað kl 13:30. Gengið niður Hringbraut í átt að Læknum, beygt inn Lækjargötu og Strandgötu að Thorsplani. Óskað verður eftir því að lögregla leiði skrúðgönguna.

Hver einasta lokun vegna skrúðgöngu á gatnamótum verður framkvæmd af okkar hálfu. Starfsmenn verða á lokunum og opna götur um leið og skrúðganga fer hjá.

Búast má við 1200-2000 manns í skrúðgönguna og það er vilji okkar að hún sé frekar breið og stutt þannig að sem flestir heyri í lúðrasveitinni. Núna má búast við að í göngunni verði hópar eins og konur í þjóðbúningum, víkingar, íþróttamenn o.s.frv. þannig að bæjarbúar koma jafnvel til með að horfa á gönguna og taka síðan þátt í henni.

Dagskrá verður fyrst og fremst kynnt á heimasíðu bæjarins. Við munum hinsvegar láta íbúa á Hringbraut og Lækjargötu þar sem lokað verður tímabundið vegna skrúðgöngu ca. í 20 mín, fá sérstakan dreifimiða þar sem tímasetning lokunnar 13:30-13:45 er kynnt. Um leið og skrúðganga fer hjá skal opna götur og fjarlægja lokanir.

Samsvarandi upplýsingar verða senda lögreglu og Slökkviliði auk þess mun Strætó fá viðeigandi upplýsingar vegna skrúðgöngu sem er á strætóleið.

Fyrir hönd framkvæmdanefndar 17. júní 2015,
Andri Ómarsson